

# Pési



## Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Heimaland
- Leikskólinn

Næsti Pési kemur út 11. okt 2012

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í

síðasta lagi

7.okt

## Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Jóga	9
Eldri Hrunamenn	11
Golfið	12
Leikskólinn	13

**Sept 2012**

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

22. árgangur. 263. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

## Frá Bókasafni Hrunamanna

### Opið:

<b>Mánudaga</b>	<b>Kl. 20-21</b>
<b>Þriðjudaga</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Miðvikudaga</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Fimmtudaga</b>	<b>Kl. 16-18</b>

### **NÝTT: Skilalúga.**

Nú er hægt að skila bókum í gegnum skilalúgu sem staðsett er við útidyrnar þar sem gengið er inn í félagsheimilið til að fara á bókasafnið (að sunnanverðu).

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestur er bestur ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)



“Fjallmenn á fjórhjólum” LjósM.HK

Opnunartími: **September:** mán-föst. 18.00-21.00. laugard. og sunnud. 12.00-21.00

Lokað 14.15.16 og 17. sept.

**Október:** mið-föstud. 18.00-21.00

laugardaga 14.00-21.00. Lokað sunnud,mánud. og þriðjudaga.

**Nóvember:** mið-föstud. 18.00-21.00 laugardaga 14.00-21.00

Lokað sunnud,mánud. og þriðjudaga. Utan venjulegs opnunartíma

er hægt að panta í síma 846-9798 með minnst dags fyrirvara. Lágmarksfjöldi 4.

**Í október verða þemakvöld á Minilik.** Fyrstu kvöldin eru 3.4 og 5 okt. Þá verður í boði Kjöt frá Koti, matreitt og borið fram á eþíópískan hátt. Verð kr. 1600.

10. 11. og 12. okt. íslenskt/eþíópískt kvöld.

Blandað saman íslenskri og eþíópískri matarhefð. (ísl. kartöflur og hnifapör)

17. 18. og 19. okt. Fastakvöld (eþíópískur fastamatur) uppistaðan grænmeti og baunir. Verð kr. 1600.

24. 25. og 26. okt. kaffi ceremonial kvöld (eþíópísk kaffi athöfn).

Hellt uppá að hætti eþíópíubúa. Verð kr. 400.

Panta verður á þemakvöldin.

Borðapantanir og nánari upplýsingar er í síma 846-9798.

Nýtt á Minilik: Take away af öllum mat á matseðli. Panta þarf með minnst 30 mín. fyrirvara.



## Sveitarstjórapistill

Septembermánuður heilsar okkar með sín ýmsu andlit eins og oft vill nú verða á haustin. Það minnir okkur á að við búum jú á Íslandi og eigum ávallt að vera viðbúin sveiflum í veðurfari sem og öðrum aðstæðum. Annars virðist þessi uppskerutími sumarsins vera okkur góður. Garðyrkjubændur sem eru í útirækt sjá fram á gott ár og almennt virðist stefna í góðan heylfeng og vonandi einstakt kornræktarár. Ef okkur tekst að vera sjálfum okkur nógir í sem flestu og sem minnst háðir ýmsum innflutningi þá munum við skjóta enn styrkari fótum fyrir Hreppinn sem einstakt svæði á Íslandi til matvælaframleiðslu. Það er því mjög viðeigandi að það sé haldin árleg Uppskeruhátíð í Hreppnum á hverju hausti. Eins og vanalega lék veðrið við okkur og ég veit að gestir eru alltaf jafn undrandi á hversu fjölbreytt flóra ýmsrar framleiðslu finnst í okkar sveit. Ekki spillir fyrir sú frábæra hugmynd sveitarfélaganna í Uppsveitum að skella á svokölluðum Uppsveitarhring á Uppskerudaginn. Góð þáttaka var bæði í hjólreiðum og hlaupum og er þetta frábær nýjung til að vekja enn frekari athygli á þessu svæði til heilsuefingar og hreyfingar af ýmsu tagi. Það hefur orðið sprenging á þátttöku í almenningisþróttum af ýmsu tagi og þó held ég að aukningin sé mest í hjólreiðum. Það fer vaxandi að bæði ungir og aldnir stundi þetta sport bæði til skemmtunar eða þá að nota slíka reiðskjóta til að sækja vinnu. Ég vil nú þegar haustar hvetja fólk til að nýta sér íþróttaaðstöðu sveitarfélagsins til hins ítrasta. Nú fer UMFH að stilla upp skipulögðu íþróttastarfi í íþróttahúsinu og veit ég að bæði ungir og aldnir ættu að geta fundið sér eitthvað við hæfi. Þá hvet ég bæði unga og aldna til að nýta sér aðstöðu í tækjasal og sundlaug til heilsuefingar. Við höfum verið að bæta tækjakost í tækjasalnum okkar og fólk á ekki að vera feimið að nýta sér aðstöðuna. Þá höfum við hægt og bitandi verið að bæta aðstöðu í og við sundlaugina. Við erum mjög ánægð með hvernig til hefur tekist að gera góða aðkomu að sundlauginni og gera umhverfið snyrtilegt. Það verður mjög spennandi vinna að þróa áfram með Hitaveitu Flúða frekari verkefni á svæðinu við Hellisholtalækinn. Haustin er tíminn þegar ýmis verkefni koma til skoðunar í stjórnsýslunni. Hér ber að nefna að verið er að skoða að taka upp fjölflokkakerfi á sorpi og er sú vinna að síga af stað. Þó fólk í sveitinni hafi í raun verið duglegt að flokka erum við á eftir öðrum sveitarfélögum að bjóða upp á slíka þjónustu heim til fólks, t.d. svo kallað blátunnakerfi sem þekkest orðið víða. Það mun verða aukin krafa á frekari flokkun á sorpi og maður heyrir út undan sér að á næstu árum verði bannað að henda lífrænum úrgangi í ruslið. Það er því gott að vera undirbúinn undir sem flest. Nú á haustmánuðum gerðist sá ánægjulegi atburður að Strætó tók við akstri í FSu og þar með opnaðist loksins sá möguleiki fyrir alla að nýta sér þessa þjónustu. Að mínu viti er þetta bylting í almenningssamgöngum fyrir okkur og Uppsveitirnar og hvet ég fólk eindregið að nýta sér Stætó sem allra best og kynna sér þá möguleika sem þeir bjóða upp á. Ég vil benda á eitt sem er fylgifiskur með góðri tíð og það er að trén vaxa og vaxa. Vil ég benda fólki á að við eigum að stjórna trjánum en þau ekki okkur. Bið ég fólk að snyrta greinar sem birgja útsýni út á vegi og valda erfiðleikum fyrir stóra bíla, t.d. sorphirðubíla, að komast heim að hýbílum manna. Nú fer að líða að réttum og enn og aftur hefur áhugafólk um réttirnar staðið sig með sóma í uppbyggingunni en nú er búið að setja stuðlaberg á viðeigandi stöðum í ytri hring réttanna. Vil ég þakka þeim fyrir gott starf og hvetja alla til að mæta í réttirnar og eiga þar góðar stundir með sér og sínum og blessuðum kindunum. Hafid það gott og blessað.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

**Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju Starfsfólk Flúðaleiðar

**Sundlaugin á Flúðum.**

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Kvennakórinn Uppsveitasystur verður með opna æfingu mánudaginn 17. september kl. 20:30 í Brautarholti.

Hvetjum konur til að koma og kynna sér starf vetrarins og slást í okkar skemmtilega hóp.

Glaðningur í boði fyrir þær sem mæta og léttar veitingar í hléi.

Hlökkum til að sjá nýjar og gamlar söngsystur.

USS



Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir

Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275



**Húsmíðar**

**Innréttingar**

**Vélaleiga**

**Gröfur o.fl.**



**Fjallaraf**

sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

**Samkaup** strax

**Opnunartími Versl. Strax.**

Mánudaga til föstudaga 10:00-18:00

**Laugardaga** 10:00-18:00

**Sunnudaga** 11:00-17:00

**Minum á viku tilboðin.**

**Fyrir réttirnar!!**

**Tilboð á súpukjöti frá SS**

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax

á Flúðum.

# Við erum nú ekki að segja að sumarið sé búið, en.....

**BEKINA stígvél**



**Gúmmískór**



**Reiðskór**



**Sokkar**



**Regnföt**



**Múlar - höfuðleður**



**Hliðgrindur**

Hliðgrind /Léttgrind-teina 208

Verð kr. 20.670

Hliðgrind /Léttgrind-teina 258

Verð kr. 22.025

Hliðgrind/Léttgrind-teina 358

Verð kr. 26.557

Hliðgrind/Léttgrind-teina 408

Verð kr. 31.513

Hliðgrind /Léttgrind-teina 608

Verð kr. 52.183

**Skeifur - höffjaðrir**



Gunnbjarnarholti  
801 Selfoss  
480 5600  
landstolpi.is



# ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

## SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR  
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR  
GARÐVÖRUR – LEIKFÖNG  
OG ALLT ÞAR Á MILLI.  
ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR  
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.  
OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA  
11-16 LAUGARDAGA.

## VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra  
ALESSANDRO naglalökk og gloss  
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –  
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.  
Tímapantanir í Síma 856-1599



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma  
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

### Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi föstudaginn 21. sept 2012  
Tímapantanir í síma: 863 0433  
Sólveig Jóhannsdóttir  
Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



## Jóga

Jóganámskeið hefst miðvikudaginn 19. september.

6 vikna byrjendanámskeið verður kl. 18:00

og tímar fyrir lengra komna kl. 20:00

Kennt verður á sunnudögum og miðvikudögum í húsnæði

Landstólpa í Gunnbjarnarholti

Nánari upplýsingar í síma 8685751 netfang [fjola@foldvegur.is](mailto:fjola@foldvegur.is)

Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir jógakennari.



## Töpuð hross!!

2 hross, brún meri með hvítt í enni, fullorðin, og brúnn 2.v hestur, ógeltur, töpuðust úr girðingu á Bjargi eftir miðjan ágúst.

Þeir, sem einhverjar upplýsingar gæti gefið um hrossin eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Karl í síma 868 7441



## Heimaland !

Samvera, handverk, bókband, spil og fl.

Kæru félagar.

Nú þegar líður að lokum þessa yndislega sólarsumars þykir okkur mál til komið að huga að samverustundunum okkar í kjallaranum í vetur.

Við komum saman á ný þriðjudaginn 2. okt. nk. Við viljum hvetja alla þá sem geta og eru orðnir 60 ára + að koma og bætast í hópinn.

Hlökkum til að sjá ykkur öll.

Árni Magnús, Bubba og Sigga.

## Viltu taka lagið með okkur?!

Þann 18. september nk. kl. 20:30 hefjast æfingar

hjá **Karлакór Hreppamanna** í Félagsheimili

Hrunamanna. Eins og nafn kórsins bendir til eru aðallega karlar í þessum kór og alltaf er pláss fyrir áhugasama söngvara þar. Ef þú hefur gaman af söng og góðum félagskap þá þarftu bara að mæta á æfingu og við munum taka ljúfmannlega á móti þér. Spannandi vetrardagskrá er framundan hjá kórnum.



**Karлакór  
Hreppamanna**

***Skrifstofa Hrunamannahrepps.  
opnunartími hreppsskrifstofu,  
Mánudaga til föstudaga:  
09:00-12:00 og 13:00-16:00***



Hrunamannahreppur





**LAGNA**  
**POSTULINN**

Viðar Magnússon Pípulagningameistari  
Kringlumýri 1 800 Selfoss  
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

## Jógaleikfimi fyrir 60 ára og eldri Heimalandi á Flúðum

Í haust ætla ég að bjóða uppá léttu jógaleikfimi einu sinni í viku. Við munum ýmist gera æfingarnar standandi eða sitjandi á stól. Í jóga er lögð áhersla á það að hver og einn hlusti á líkama sinn og miði við eigin getu og það munum við svo sannarlega gera. Æfingarnar eru bæði liðkandi og styrkjandi, auk þess sem sumar þeirra eru sérstaklega gerðar til að bæta jafnvægi og einbeitingu. Einnig kenni ég léttar öndunaræfingar og hver tími endar á stuttri slökun sem við förum í sitjandi á stól.

Það geta allir stundað jóga. Við erum misjafnlega á okkur komin líkamlega og gerum æfingarnar á okkar hraða og miðað við eigin getu. Jógaiðkun stuðlar að bættri líðan, bæði andlegri og líkamlegri. Við erum að vinna að jafnvægi líkama, sálar og huga.

Allir eru hjartanlega velkomnir, alls ekki þörf á að hafa neina reynslu eða þekkingu á jóga. Ég hugsa þetta meira sem léttu leikfimi, byggða á reynslu minni sem jógakennari.

**ATHUGIÐ** að jóga er alveg jafnt fyrir karla sem konur.

Frír kynningartími í Heimalandi miðvikudaginn 26.september kl. 10:30 Þá munum við líka ákveða hvaða tími vikunnar hentar best til að setja á fastan tíma.

Ef þið óskið eftir nánari upplýsingum getið þið haft samband við mig í síma 4866777 eða 8980677

Hlakka til að sjá ykkur sem flest.

Aðalheiður Jónsdóttir jógakennari

# Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



*Erla Björg Arnardóttir*

*Garðyrkjufræðingur*

*Sími: 858-3399*

*grannaland@simnet.is*

## Jóga á Flúðum – Haustönn 2012

Í septembermánuði er ég með útjóga á mánudögum og fimmtudögum kl. 17:30

Við hittumst við Félagsheimili Hrunamanna, byrjum á stuttri upphitun og göngum síðan á skjólsælan og friðsælan stað, þar sem við ástundum jóga sem ég hef aðlagð iðkun utandyra. Það þýðir að við gerum aðallega standandi æfingar því þessi árstími býður ekki uppá mikla legu á jörðinni. Áhersla er lögð á tengingu við náttúruna, öndunaræfingar, hugleiðslu og slökun auk hefðbundinna jógaæfinga. Jógaiðkun úti í náttúrunni er ákaflega árangursrík leið til að endurnæra bæði sál og líkama.

Allir velkomnir hvort sem þeir hafa reynslu af jóga eða ekki. Aðalatriðið er að klæða sig eftir veðri, þá á það ekki að vera nein hindrun :)

Tíminn kostar 500 kr.

Vonast eftir að sjá sem flesta. Ef áhugi reynist fyrir hendi er ég tilbúin að halda áfram með þetta einu sinni í viku í október.

Í októberbyrjun byrjar síðan hefðbundið jóga í sal. Ef næg þátttaka næst mun ég einnig bjóða uppá það tvisvar í viku, á mánudögum og fimmtudögum (eða miðvikudögum ef það hentar þátttakendum betur). Valmöguleiki að vera einu sinni í viku.

10 tíma námskeið er á 8000

Stakur tími 1000

Allir velkomnir, konur og karlar, byrjendur sem lengra komnir.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 8980677 eða á [adj13@hi.is](mailto:adj13@hi.is)

Hlakka til að eiga með ykkur notalegar stundir.

# LAUGARVATN fontana

---

## UPPSPRETTA VELLÍÐUNAR

SUMAROPNUN til 30.sept

Kl:11:00-22:00 alla daga

Í kaffiteríunni okkar bjóðum við meðal annars upp á silung, reyktum í Útey, sem við berum fram á okkar eigin rúgbrauði Þetta þykir mörgum nauðsynlegur hluti af gufubaðinu.

**Síminn hefur ekki breyst, 486 1400**

---

## Frá Félagi eldri Hrunamanna.

### Góðir félagar.

Nú fer vetrarstarf að hefjast og þá þarf oft að koma ýmsum upplýsingum til félagsmanna. Fljótlegasta leiðin er að senda þær í tölvupósti en því miður hefur stjórn ekki netföng allra félagsmanna. Þau ykkar sem ekki hafa fengið sendan tölvupóst frá formanni í sumar og hafa netfang eru beðin um að senda netfang sitt á [hvammur@ismennt.is](mailto:hvammur@ismennt.is).

Stjórnin vill minna á minningarkort félagsins en þau eru til sölu hjá stjórnarmönnum, þeim Önnu, Lofti og Björgu.

Kristjana Skúladóttir frá Miðfelli heldur tónleika sína „Söngkonur stríðsáranna“ í Iðnó, Reykjavík sunnudaginn 23. september kl. 20, fimmtudaginn 11. október kl. 18 og sunnudaginn 14. október kl. 20. Hún býður okkur hópafslátt, 2200 kr. miðinn. Hafið þetta í huga ef þið hafið áhuga á þessu tilboði.

Icelandair skipuleggur ferðir fyrir eldri borgara til [Kaupmannahafnar](#) í samvinnu við Landssamband eldri borgara. Að þessu sinni verður farið í [aðventuferð 25.-28. nóvember](#) og er ferðin opin öllum 60 ára og eldri.

Nánari upplýsingar gefur formaður í síma 8646639.

Stjórn vonast til að sem flestir verði virkir í starfi vetrarins og komi í kjallarann á Heimalandi og ekki síður á Opíð hús sem verður annan miðvikudag í mánuði í Félagsheimilinu. Þar er alltaf eitthvað skemmtilegt og áhugavert í boði .

Með ósk um góðan vetur,

Stjórnin

Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3  
Sími: 533 2211



**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00. Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.  
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

**Afgreiðslutímar í sept.-okt.**

Kaffi-Sel verður opið á næstunni sem hér segir:

Alla daga til 16. sept.  
frá kl. 8.00 til 20.30



Frá 17. sept. til 6. okt.:

Föstudaga 17.00 til 20.30

Laugardaga 12.00 til 20.30

Lokað sunnudaga til fimmtudaga.

Hægt er að panta fyrir hópa á netfangið [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)

**Barna- og unglíngastarf GF**

Golfklúbburinn Flúðir stóð fyrir barna- og unglíngastarfi í sumar eins og undanfarin sumur. Voru golfæfingar tvisvar sinnum í viku þar sem leiðbeinendur voru þeir Karl Gunnlaugsson og Helgi Sigurðsson. Mikill áhugi var fyrir æfingunum og voru krakkarnir duglegir að mæta en í heildina voru u.þ.b. 30 krakkar að mæta á æfingar.

Golfklúbburinn hélt mót í júlí þar sem krakkarnir spiluðu ýmist 6 eða 9 holur og var árangur með ágætum. Meðfylgjandi eru úrslit úr mótinu:

**Stelpur 8 ára og yngri:**

Unnur Ísold Kristinsdóttir  
Þórey Þula Helgadóttir

**Strákar 8 ára og yngri:**

Óðinn Freyr Árnason  
Ingólfur Ísak Kristinsson  
Damian Jozefik

**Stelpur 9-10 ára:**

Una Bóel Jínsdóttir  
Milena Jozefik  
Bylgja Rós Axelsdóttir

**Strákar 9-10 ára:**

Eypór Orri Árnason  
Jónas Guðmundsson  
Páll Magnús Unnsteinsson

**Strákar 11-12 ára:**

Heiðar Smárason  
Nói Mar Jónsson  
Kristinn Þór Styrmisson

**Strákar 13-14 ára:**

Rúnar Guðjónsson  
Hákon Snær Snorrason  
Einar Trausti Svansson

## Leikskólafréttir

Af okkur í leikskólanum er allt gott að fréttu, börn og starfsfólk komu vel undan sumarfríi☺ og starfið komið á gott skrið. Aðal áherslan hjá okkur í vetur verður á útikennslu, nú fara börnin á Heiðar- og Skógarkoti í útikennslu fjórum sinnum í viku, sem við tengjum svo við einingakubba, myndlist, tónlist og hreyfingu. Við munum svo nýta okkur íþróttahúsið eitthvað í svartasta skammdeginu.

Í ágúst skunduðu allar deildir í rífsberjaleiðangra, börnin á Skógarkoti gengu að Seli og tíndu rífs á golfvelli, börnin á Heiðarkoti gengu til Ellu og Júlla á Ljónastíg og tíndu rífs í garðinum þeirra og börnin á Móakoti gengu til Önnu og Helga í Bjarkarhlíð og tíndu rífs hjá þeim. Ur rífsberjunum var svo soðin dýrindis sulta og öll börnin fóru með sultukrukku heim til að gefa mömmu, pabba, systkinum og jafnvel ömmu og afa að smakka góðu sultuna sem þau tóku þátt í að malla.

Okkur var boðið í heimsókn í dýrargarðinn í Slakka sem við þáðum og skelltum okkur í ferðalag í lok ágúst. Við fórum með rútu sem er alltaf mjög spennandi. Við höfðum svo Slakka alveg fyrir okkur og þar voru dýrin skoðuð gaumgæfilega og leiktækin nýtt vel til leikja, svo fengum við pylsur og ís áður en við héldum heim á leið. Við þökkum Helga í Slakka kærlega fyrir að bjóða okkur uppá þennan skemmtilega dag.

Það er spennandi vetur framundan með skemmtilegum verkefnum, börnum og starfsfólki og ekki má gleyma fólkinu í sveitinni sem er alltaf tilbúið að taka á móti okkur og segja okkur frá og fræða okkur um það sem það er að fást við. Hér á eftir koma svo fréttir frá hverri deild fyrir sig.

Kveðja Halldóra, Inga og Valdis.



## Móakotsfréttir

Starfið á Móakoti fer vel af stað. Á Móakoti eru 7 börn á aldrinum 16 mán.-2ja og hálfis árs. 1.okt. bætast við tvö í viðbót. Freyja, Heiða og Móeiður koma til með að starfa þar í vetur. Þessar vikurnar erum við mikið að spá í kindum og réttunum, vinna með ull, skoða myndir af kindum og syngja lög tengd þessu viðfangsefni. Börnunum gengur vel að tileinka sér þessa hluti og nýju börnin eru mjög dugleg að aðlagast leikskólalífínu. Við höfum aukið útikennsluna og nú fer hver hópur tvisvar í viku í útikennslu sem við tengjum saman við einingakubba, tónlist, myndlist, hreyfingu og að sjálfsögðu umhverfið okkar og samfélag. Við tókum upp þá nýbreytni að velja okkur tré í nágrenni leikskólans og ætlum að fylgjast með hvernig það breytist í hverjum mánuði allt skólaárið.

Kveðja Freyja, Heiða og Móeiður



## Heiðarkotsfréttir

Í ágúst byrjuðu 11 börn á Heiðarkoti fædd. 2009-2010 ásamt Öddu Siggú og Jónínu. Við erum með eitt þema fyrir hvern mánuð sem við svo tengjum við allt starfið hjá okkur en hópastarfið skiptist í útikennslu, myndlist, einingakubba, tónlist og hreyfingu. Gróðurinn var þema ágústmánaðar og við fórum í rannsóknarleiðangra að skoða gróðurinn í kringum okkur. Við fundum tré sem við ætlum að fylgjast með allt árið og sjá hvernig það breytist .

Í september bættist við eitt barn á Heiðarkot og eru þau því orðinn 12. Nú erum við að skoða allt sem tengist réttum og tengjum réttirnar við allt hópastarfið, en stundum verður eitthvað annað meira spennandi eins og Tröll og þá skoðum við allt sem tengjumst þeim, sem sagt það er áhugasvið barnanna sem ræður.

Kveðja allir á Heiðarkoti





# Skógarkotsfréttir

Í ágúst vorum við í því að kynna aðeins aftur og venjast því að ramba á rétta hurð og vera á Skógarkoti.

Í vetur verða 15 börn á deildinni og verða Erla, Elín og Ragna með börnunum í vetur.

Hóparnir heita Snillingar og Vitringar. Í Snillingahópi eru elstu börnin, fædd 2007, og verður Erla hópstjórinn þeirra. Elín og Ragna verða með Vitringahópin en í þeim hóp eru börn sem eru fædd 2008 og 2009.

Snillingahópur verður í samstarfi við Flúðaskóla og hitta 1.bekk 2x í mánuði, ýmist í Undralandi eða í Flúðaskóla og fá þau að kynna öllu sem viðkemur grunnskólalífinu.

Það verður einnig mikið um að vera í hópastarfi en hver mánuður hefur sitt þema. Ágúst og september hafa til að mynda blóm, ber og haustið sjálft fyrir þema og má búast við mikilli vinnu í kringum réttir og kindur seinnipartinn í september.

Í byrjum september fór svo hópastarfið hjá okkur af stað og gengur vel að vinna eftir nýju dagskipulagi. Að lokum hvetjum við ykkur til að skoða heimasíðuna okkar undraland.is og skoða bloggið okkar og myndirnar.

Kær kveðja Erla, Elín og Ragna.



## Kaffi Grund

### Breyttir opnunartímar til áramóta

Frá og með 17.september verður lokað á Kaffi Grund í miðri viku

Opið verður um helgar.

Föstudaga er opið frá 18:00-21:00,

laugardaga og sunnudaga er opið frá 11:30-21:00

Hægt er að panta fyrir hópa utan opnunartíma

upplýsingar í síma: 552-6962 /663-7771



Arnfríður í Dalbæ tekur við verðlaunum fyrir fegursta tré ársins 2012, en þetta tré er sílfurreynir, sem gróðursettur var árið 1927



Svipmyndir frá Uppskeruhátíðinni 8.sept sl.  
MLjósm.:SigSigm